

LISTIR

Þrjátíu ár Guðnýjar

TÓNLIST

Íslenska óperan
AFMÆLISTÓNLEIKAR

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari ásamt nemendum sínum og nokkrum öðrum hljóðfæraleikurum. Einnig Gunnar Kvaran sellóleikari og Nina Margrét Grímsdóttir pianóleikari. Verk eftir Vivaldí, Sarasate, Áskel Másson og Karólínu Eiríksdóttur. Þrjúdaginn 18. maí.

Ein ástælasta tónsmíð sögunnar, Árstíðirnar eftir Vivaldí, var á dagskrá tónleika Guðnýjar Guðmundsdóttur fiðluleikara í Íslensku óperunni á þrjúdagsskóladi. Segja má að það hafi verið víðeigandi; Guðný fagnar nú að 120 árstíðir eru líðnar síðan hún hóf störf sem konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Flutti hún verkið ásamt nemendum sínum, sem einnig var víðeigandi, því hún er ekki aðeins með fremstu fiðluleikurum þjóðarinnar heldur líka einn af okkar bestu kennurum.

Skemmst er frá því að segja að þetta var afar vandadur flutningur. Hljómsveitin var með nánast allt sitt á hreinu, leikur hennar var þróttmikill og agaður og féll fullkomlega að hljómunni í einleiksfíðlu Guðnýjar, sem flutti verkið af krafti og listrænu innsæi. Tulkun hennar var ljóðræn og full af lífsgleði, sem var beinlínis smitandi, því áheyrendur voru auðsjáanlega óskaplega glaðir.

Á undan hverri árstíð las Gunnar Kvaran sellóleikari og eiginmaður Guðnýjar sonnetturnar úr árstíðum Vivaldis í þýðingu Þorsteins Gylfasonar. Gerði hann það með víðeigandi dramatískum tilþrifum sem þóssuðu einstaklega vel við tónlistina.



Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og -kennari: Magnaðir tónleikar.

Ef finna má að einhverju var það helst hve endurómunin í Gamla bíói er lítil, sem gerði að verkum að fiðlurnar hljómuðu dálítið þurrar, auk þess sem smávægilegar misfellur voru óþarflega greinilegar. Þar sem þær voru svo fáar gerði það þó lítið til.

Guðný frumflutti tvær íslenskar tónsmíðar á tónleikunum, og voru þær eftir Karólínu Eiríksdóttur og Áskel Másson. Verkið eftir Karólínu, Sameindir, var fyrir fiðlu og selló; spilaði Gunnar Kvaran þar með Guðnýju. Um var að ræða sjö smástykki sem öll byggðust á óruttum hendingabrotum er tónskáldið vann með og þróaði á ýmsan hátt. Hendingabrotin voru ekkert sérstaklega að-

laðandi og úrvinnslan ekkert sérstaklega frumleg og var útkoman eiginlega ekkert sérstök, þótt framvinda verksins væri rökrétt og uppbyggingin vel úr garði gerð. Hins vegar var tónsmíðin leikin af vandvirkni og tilfinningahita, og er því ekki við flutninginn að sakast. Þess má geta að verk Karólínu virðast þurfa mikla endurómun ef þau eiga að njóta sín almennilega (rétt eins og tónlist Jóns Leifs) og gæti því verið að umrædd tónsmíð kæmi betur út í hljómmeyri sal.

Verkið eftir Áskel, Sónata nr. 2 fyrir fiðlu og piano, var af allt öðrum toga. Hún grundvallaðist á tveimur gömlum stefjum og var þrúgunin dulúð og óskilgreinanlegri merkingu; maður fékk strax á tilfinninguna að tónskáldið væri að segja manni eitthvað mikilvægt, sem þó varð ekki komið orðum að á neinn annan hátt en með tónlist. Uppbyggingin var glæsileg, allskonar fallegum hendingum og hljómunum var raðað saman á listilegan hátt, en undir niðri var mögnuð undiraldar sem réð öllu saman á óræðan hátt. Þær Guðný og Nina Margrét Grímsdóttir pianóleikari fluttu sönötuna af öryggi og einkenndist túlkun þeirra af innblásnum skáldskap sem var ákaflega heillandi.

Sem aukalag spilaði Guðný Zigeunerweisen eftir Sarasate og þar birtist fiðluleikarinn í essinu sínu, spilamennskan var gædd við-eigandi tilþrifum og var beint frá hjartanu. Í stuttu máli voru þetta magnaðir tónleikar og er Guðnýju hér með óskað til hamingju með stórafmælið; megi hún lengi lifa.

Jónas Sen



Helreiðin eftir Ásmund Sveinsson er í þremur útgáfum á sýningunni.

Höggmyndir Ásmundar unnar í ólík efni

LEIKUR og samtal fjölskyldunnar skipar stóran sess á nýrri yfirlits-sýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar sem verður opnuð kl. 13 í dag í Ásmundarsafni við Sigtún á afmælisdegi myndlistarmannsins, sem fæddur var árið 1893.

Á sýningunni er lögð áhersla á að gestir og þá sérstaklega börn og fullorðnir geti átt eftirminnilega stund í safninu, brugðið á leik og um leið fræðst um listamanninn Ásmund Sveinsson og kynnst verkum hans og sögu. Sýningin ber yfirskriftina Maðurinn og efnið og lýsir á lifandi hátt ólíku efnisvali Ásmundar í verkum sínum. Í upphafi einkenndist efnisval hans af þeim efnivið sem hendi var næstur en síðar meir notaði hann efni sem þá var hefðbundið fyrir hans samtíðarmenn. Á sýningunni getur að líta nokkur merkustu verk Ásmundar unnin í ólík efni. Sama höggmyndin er sýnd í mismunandi efnum sem kallar á nýja upplifun af

sama verki. Þannig er ein og sama höggmyndin sýnd í allt að þremur ólíkum efnum eins og til dæmis Helreiðin og Væðurspámaðurinn.

Í sýningarskrá er tillaga að leikjum fyrir fjölskylduna í því skyni að auðvelda ungum sem öldnum að skynja breytingar sem verða á höggmynd við það að horfa á hana í ólíku efni. Þar eru líka lagðir til grundvallar nokkrir umræðu-punktur sem gætu verið heppilegir til að skiptast á skoðunum um verk-in, listamanninn og sýn hans á lífið og tilveruna. Með þessu móti vill Listasafn Reykjavíkur gera heim-sóknina í safnið að eftirminnilegum og skemmtilegum fjölskyldu-viðbúðir og um leið koma til skila lífi og starfi eins merkasta listamanns þjóðarinnar, Ásmundar Sveinssonar.

Sýningarstjóri er Ólöf Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur.

Skemmtileg sýning á Sauðárkróki

LEIKLIST

Leikfélag Sauðárkróks

SÍLDIN KEMUR OG SÍLDIN FER

Höfundar: Kristín og Iðunn Steinsdætur. Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson. Hönnun leikmynda: Þröstur Guðbjartsson og Gunnar Egill Sævarsson. Hönnun lýsingar: Guðbjört Elva Jóhannsdóttir og fleiri. Harmóníkuleikari: Rögvaldur Valbergsson. Frumsýning í Bifröst, 25. apríl 2004.

LEIKFÉLAG Sauðárkróks er eitt virkasta áhugaleikfélag landsins. Félagið setur alltaf upp leiksýningu fyrir börn í þyrjun vetrar og svo er annað verk frumsýnt í Sæluvíkunni ár hvert. Nú hefur leikfélagið sett upp hið vinsæla íslenska verk um síldina eftir Kristínu og Iðunni Steinsdætur. Leikritið er vel skrifað; mannmargt og fjörugt, með skemmtilegum söngvum og tónlist frá tíma verksins, og krefst þess að vel sé haldið á spöðunum svo allt renni ljúflega til enda. Síldin kemur og síldin fer fjallar um lífið á Fagrafirði þegar allt er á fullu í kringum síldarvinnsluna eitt sumar upp úr 1960. Staðurinn gæti verið hvaða smápláss sem er á landinu því persónurnar eru svo sannarlega dæmigerðar fyrir Íslendinga á þessum hjartasýnistímum í atvinnulífnum þegar allt virtist svo einfalt þó að ekki mætti miklu muna hvort síldin seldist eða ekki. Þó er í verkinu gert nokkuð úr samsætti gamla og nýja tímans þar sem bændur sjá aðeins yfirgang í velgengni síldarvinnslunnar. Ástir takast með ungum og gömlum, síldarstúlkum og sjórum, útendir sjóliðar láta sjá sig og yfirvaldið gætir þess að ekki sé drukkin of mikill sénéver.

Þessar helstu áherslur í verkinu eru vel teiknaðar með skemmtilegri persónusköpun sem leikstjórnin Þröstur Guðbjartsson túllkar mjög skýrt. Síldin kemur er þriðja leikritið sem Þröstur setur upp með leikfélag-

inu á aðeins tveimur árum. Hann hefur gríðarlega reynslu sem leikari og leikstjóri, en hann hefur leikstýrt um það bil sextíu áhugaleiksýningum. Ekki er nein þreytumerki að sjá hjá Presti í vinnu hans nú á Sauðárkróki heldur skín alstaðar í gegn sú alúð sem kemur fram í nákvæmri leikaraleikstjórn. Leikararnir í sýningunni eru tuttugu og fjórir og fara nokkrir með fleiri en eitt og tvö hlutverk. Mikil af ungu fólki leikur í sýningunni, og margir þeirra eru að stíga á svið í fyrsta sinn, en hér sannast svo um munar að þegar unnið er að persónusköpun innan frá gerir lítið til þó að flestir leiki upp fyrir sig í aldri. Heildarmyndin var góð hjá hópnun og í rauninni hvergi snurð á því að sýningin rann lipurlega frá upphafi til enda á frumsýningunni. Að sjálfsögðu var leikurinn misjafn en nokkrir leikarar voru sérstaklega öruggir í hlutverkum sínum. Hin óviðfeldnu bændahjón Ófeig og Málfríði léku Kristján Örn Kristjánsson og Íris Baldvinsdóttir ótrúlega sannfærandi þegar haft er í huga að bæði léku um það bil tuttugu ár upp fyrir sig. Kristján gæddi Ófeig fyndnum tóktum í tali og hreyfingum en Íris var að öllu leyti óborganleg og alveg sérstaklega þegar hún sýndi Málfríði sem síma-mærina síkjaftandi. Í hlutverki töffarans Lilla var Guðbrandur J. Guðbrandsson en hann hefur útgeislun sem ekki er öllum gefin; hann virðist njóta hvers andartaks í leik sínum og skilar þeirri tilfinningu til áhorfenda. Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir lék hina ákveðnu Sigþóru af öryggi en hún hefur margvíslega leiktækni á valdi sínu auk þess að syngja mjög vel. Síldarstúlkurnar Hullu, Villu og Jöklu léku þær Sunna Mist Sigurðardóttir, Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir og Sara Katrín Stefánsdóttir með fjöri og útgeislun. Fleiri áttu sína göðu spretti en það var eftirtektarvert hvað framsögnin var góð miðað við þann fjölda af ungmennum sem

voru að leika í fyrsta sinn.

Auk hins lipra rennslis í leiknum var heildarmyndin góð að öðru leyti; búningar voru trúir tímanum og sviðsmyndin var merkilega haganleg miðað við lítið sviðið og fjölda leikara en þó fylgdi því stundum of mikil basl en þó koma fyrir herbergisveggjum milli atriða. Vinsæl danslög frá sjötta áratugnum settu skemmtilega rómantískan blæ á sýninguna að ógleymdum harmóníkuleik undir skemmtilegum söngvunum sem einnig voru sungnir við vinsæl lög. Dans og hreyfingar settu svo punktinn yfir i-ð. Leikfélag Sauðárkróks má vera stolt af uppfærslu sinni á „Síldinni“ sem er tvímælalaut í flokki með bestu sýningum áhugaleikhússins í vetur.


Hrund Ólafs dóttir

Ríkey sýnir í Kanada

SÝNING á verkum Ríkeyjar Ingimundardóttur myndlistar-konu var opnuð í gær í Birchwood Art Gallery í Winnipeg. Það var Atli Ásmundsson konsúll sem opnaði sýninguna. Í ágúst sl. sýndi Ríkey verk sín í Public Art Gallery í Gimli í tengslum við Íslendingadaginn. Hún er einnig fyrst íslenskra listamanna til að sýna í Ráðhúsi Manitoba-fylkis í Winnipeg.

Ríkey útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands í málun, myndmótun, grafík og keramik, og hefur frá 1983 unnið að listsköpun og rekið eigið gallerí í Reykjavík.

Sýningin stendur til 19. júní.

sumarskólinn ehf
Yfir 70 áfangar í boði!

Ellefta starfsár Sumarskólans

- Fjölbreytt námsúrval, metið í framhaldsskóla
- Skemmtilegt námsumhverfi í HÍ
- Kennsla hefst 1. 6. og lýkur 25. 6.
- Próf verða 28. – 30. 6. Einkunnir verða afhentar 2. júlí.
- Skráning er alla daga í sínum: 565 6429 og 565 6484

www.sumarskolinn.is